

Stjórnarfundur FKA #2

Starfsár: 2025-2026

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 28.05.2025

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar: Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir (HJÁ), Rósa Viggósdóttir (RV), Þórey Hafliðadóttir (ÞH), Margrét Hannesdóttir (MH), Þuríður Aradóttir Braun (ÞAB), Jasmina Vajzovic (JV), Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

Forföll:

1 - Opnun, einn stuttur hringur (ISS)

Stjórnarkonur kynna sig.

2 - Inngangur framkvæmdastjóra (AR)

AR kynnir stöðu fjármála félagsins, skipulag þess, skipingu í deildir, nefndir og ráð ofl.

Árlega fær FKA um 10 milljónir óbeint í formi afsláttá og samninga frá fyrirtækjum sem vilja styðja við félagið.

Hækkun árgjalds var hafnað á síðasta ársfundi en hækkunin hefði haft í för með sér aukningu á tekjum sem nemur um 5 milljónir á ári ef öll félagsgjöld eru greidd.

Fer yfir forgangsöröðun og hvetur stjórn til að koma með allar hugmyndir til hennar og vinna vel saman.

Kemur inná að stjórn þurfi að huga vel að landsbyggðardeildunum. Upp kom hugmynd að „rapport“ horni á fundum.

Kynning á hreyfiaflsverkefnum og óskar eftir að þau fái meiri vigt í kynningu. Framkvæmdastjóri leggur áherslu á hreyfiaflsverkefni og mun koma með erindi á næsta stjórnarfundum er varðar Brautargengi.

Hvetur stjórn til að þróa sinn eigin stíl, við séum jú allar að varða OKKAR leið, hver og ein en líka sem heild hér í stjórn og í FKA.

3 - Landsbyggðadeildir (ISS)

Upp kom erindi varðandi félagsgjaldið á síðasta aðalfundi og útdeilingu tekna til landsbyggðadeildanna. ISS telur mikilvægt að skoða þessi mál sem allra fyrst og fyrir komandi frí. Vill ræða við deildirnar, hver sé þeirra ósk og hvernig þær sjá þetta fyrir sér. Óskar eftir öðrum úr stjórn til að taka þennan bolta með sér. HJÁ fylgir málum eftir með henni. Í lögum FKA stendur skýrt hvernig málum er háttað. Fram kom að félagið vaxi hratt og almenn sátt sé innan landsbyggðadeilda að helmingur félagsgjalda fari í rekstur þess, einnig hvernig málum er háttað varðandi gjaldkera og að framkvæmdastjóri sjái um að greiða alla reikninga. GHJ upplýsir að nú sé hægt að fá yfirlit yfir landsbyggðarkonur á nýju heimasíðunni sem er nýmæli og besta mál. Þessi fíðus kom daginn fyrir aðalfund. Stjórn er sammála um að þetta snúist um samtalið, verkferla og vinnupunkta hvað þurfi að gera. Upp kom hugmynd að setja upp *skoðunaraðgang* fyrir landsbyggðardeildirnar þar sem þær sjái stöðu fjármála oph. Vel er tekið í allar hugmyndir sem upp komu og bjartsýni að góður flötur náist í samvinnu við landsbyggðardeildirnar.

Stjórn verður boðuð á fund áður en deildirnar hittast til að ákveða nánari tillögur.

4 - Ábyrgðarstöður innan stjórnar, yfirferð yfir verkefni/ábyrgð, raðað í hlutverk í haust.

Ráðin (ISS, GHJ)

AR setur inná FB síðu stjórnar yfirlit yfir þau helstu hlutverk sem stjórnarkonur taka að sér á starfsárinu. Fyrir fyrsta fund haustsins (um 2-3 vikum fyrir) biður hún stjórn um að vera búnar að máta sig við þau og hvað hver kona hefur áhuga á. Verður sett upp í kosningu/poll á FB síðunni. Ein manneskja er ákveðin til vara ef til forfalla kemur.

5 - Tillaga að hópefli í haust (ISS, GHJ)

Tilgangur hópeflis er að hrista hópinn saman fyrir komandi starfsár. Upp kemur tillaga að fara útúr Borgartúninu, fram kom hvað hefur verið gert undanfarin ár. Gott sé að festa dag sem fyrst. Upp kemur hugmynd að Valhalla og Ellu (sem er að verða félagskona í FKA).

Stjórn samþykkir samhljóða að leita til hennar.

6 - Nýsköpun og KVENN erindi (ISS, GHJ)

Stjórn barst erindi frá KVENN sem eru sjálfstætt félag kvenna í nýsköpun með Elinóru Ingu Sigurðardóttur í forsvari. Leita þær eftir að verða sameinaðar inn í FKA undir Nýsköpunarnefnd. GHJ og ÞH taka að sér að hitta Elinóru og fara yfir væntingar og leiðir til sameiningar.

Stjórn samþykkir samhljóða að skoða þetta verkefni.

7 - Styrktaraðilar inn í haust (ISS)

ISS og AR kynna fyrir stjórn hvernig þessum málum hefur alla jafna verið háttað. Upp komu hugmyndir að styrktaraðilum næstkomandi starfsárs. Stjórn telur mikilvægt að aðal styrktaraðilinn sé með réttar áherslur er kemur m.a. að sjálfbærni og jafnrétti kynjanna. Gætum verið með fleiri styrktaraðila verkefni fyrir verkefni en þægilegra er að vera með einn stóran aðila frekar en fleiri minni (í upphæðum). Stjórn fer á fullt í þetta verkefni í upphafi næsta starfsárs.

8 - Teams svæði í B35 og kerfisstjóri kemur á fundinn (AR, ISS)

Daníel kerfisstjóri fer yfir tengingar hjá hluta af stjórnarkonum.

9 - Starfsreglur stjórnar lesnar, ritari punktar br. tillögur sem stjórnarkonur koma með á fund (ISS)

ISS les yfir reglur stjórnar og hvetur stjórnarkonur að kynna sér þær vel fyrir komandi starfsár. ÞH bendir á að stjórn hafi ekki að sér vitandi uppfyllt lið 3.12 í starfsreglum stjórnar.

Stjórn ákveður verkferil varðandi fundagerðir, að ritari skili þeim af sér eigi síðar en viku eftir fund og þá inná Teams í word formati. Ítarlegri fundargerð skuli rituð fyrir stjórn en mál er varða trúnað eða mál í vinnslu tekin út úr fundargerð sem fer á heimasíðuna. Þessir starfshættir tryggja að í fundargerð séu ritaðar ákvarðanir og málefni sem upp koma til uppflettingar síðar ef þörf er á.

10 - Önnur mál - Sjálfbærnistefna (GHJ)

GHJ segir frá því að sjálfbærnihópurinn undir stjórn Helgu Bjargar Steindórsdóttur og Evu Magnúsdóttur séu búnar að leggja fram drög að sjálfbærnistefnu fyrir FKA. Það er verkefni fyrir nýja stjórn að kynna sér stefnuna, aðlaga hana og innleiða í samvinnu við sjálfbærnihópinn.

Önnur mál undir þessum lið sett á bið, ISS telur að þau megi bíða framá haust.

Fundi slitið 13.55.

Fundinn ritar Rósa Viggósdóttir ritari.